Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 8. febrúar 2018 - R18010087

	Fundargerðir:	
	Annað:	
R18010263	Erindi Rúnars Lárussonar, dags. 19. janúar 2018, varðandi endurupptöku á skaðabótakröfu vegna málaferla OR.	Sent skrifstofu borgarstjórnar til umsagnar.
R17080085	Bréf umhverfis- og skipulagsráðs frá 23. janúar 2018, til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi afgreiðslu Reykjavíkurborgar á verklýsingu vegna breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem felst í breyttri afmörkun vaxtamarka á Álfsnesi.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010355	Tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 2. mál.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R18010356	Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 25. janúar 2018, um að teknir verði til skoðunar samningar um samstarf sveitarfélaga sem í gildi eru.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.
R17010082	Yfirlit innkaupadeildar, dags. 5. janúar 2018, yfir verkefni innkaupadeildar í desember 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18020013	Erindi um að opið sé fyrir umsóknir í ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna	Sent Reykjavíkurráði ungmenna til kynningar.
R18020050	9. mál frá nefndasviði alþingis tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærsla (borgaralaun)	Send fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R18020054	Styrkbeiðni kennara við Melaskóla, dags. 7. febrúar 2018, vegna verkefnisins, Samtal um list hönnun og arkitektúr.	Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.
R17120041	Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegi áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og bókun stjórnar sambandsins.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010042	Erindi sambands íslenskra sveitarfélaga um upplýsingafund um málefni barna 9. febrúar.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað við þrengingu gatna, hjólreiðastíga og forgangsakreina Strætó , dags. 6.2.2018.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um aðgerðaáætlun 215/202 um framtíði úrgangsmála, dags. 6.2.2018.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um hvort kostnaðaráætlun hafi verið gerð um sameiningu fjármálaskrifstofa fyrirtækja Reykjavíkurborgar, dags. 6.2.2018.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað við aðgerðir til að manna störf á skóla- og frístundasviði,	Sent skóla- og frístundasviði til umsagnar.

	dags. 6.2.2018.	
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað vegna rekstur gistiskýlis fyrir húsnæðislausa karla , dags. 6.2.2018.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar 2015-2017, dags. 6.2.2018.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, varðandi kostnað við hönnun og uppbyggingu í Úlfarsárdal , dags. 6.2.2018.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um hvaða lögmannstofur Reykjavíkurborg átti viðskipti við 215/2017 og upphæð greiðslna til þeirra, dags. 6.2.2018	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.

Borgarráð Reykjavikur.

Móttekið 2180/0263
Skjalasafn Borgarhúss
19. jan. 2018
Málsnúmer 5214-0

Reykjavík, 19.janúar 2018.

Eftir samtal við foringja sjálfstæðismanna í Reykjavík, Halldór Halldórsson, þar sem hann ráðlagði mér að senda Borgarráði erindi um endurupptöku á skaðabótakröfu vegna málaferla OR gegn mér, óska ég eftir að aðdragandi málaferlanna verði skoðaður.

Ef sú skoðun er heiðarleg, liggur beinast við að allir þeir stjórnendur OR og Reykjavíkurborgar bera þunga ábyrgð á þeim óþægindum og fjárhagstjóni, sem ég varð fyrir.

Mig langar að lýsa þeirri stundu, er Bjarni Bjarnason, forstjóri OR segir mér á fundi að hann hyggist stefna mér fyrir dómstóla. Satt að segja var mér brugðið, ég andmælti hástöfum, en ég sá þá undir iljarnar á manninum. Hann hefur líklega vitað vel hvaða afleiðingar þessi ákvörðun hans hefði á líf mitt og fjölskyldu minnar.

Ennfremur vissi hann að gefnu tilefni, að hann var að fara gegn lögum nr. 32/2004 með þessu máli enda vann ég málið í Héraðsdómi og Hæstarétti. Hann var að ráðstafa eignum annara með þessum óþörfu málaferlum. Úrskurður Innanríkisráðuneytisins staðfestir rétt minn í þessu máli, en samt gat þessi maður farið með málið alla leið upp í Hæstarétt á kostnað skattgreiðenda, augljós geðþóttaákvörðun studd af borgaryfirvöldum þess tíma.

Tilvitnun í dóm Hæstaréttar 23. nóvember 2013 nr, 397/2013: **Í dómi Hæstaréttar í máli OR gegn mér segir, að vatnsgjald fari eftir þeim reglum, sem gilda um þjónustugjöld. Af því eðli gjaldsins leiddi að það yrði ekki lagt á, nema gjaldandi fengi þá þjónustu, sem svaraði til gjaldtökunnar. Hefði því verið óheimilt að heimta vatnsgjaldið áður en undirritaður naut þjónustunnar. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því, sem varð að gildandi lögum nr. 32/2004 kom jafnframt fram að gjaldtaka vatnsveitna byggðist á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveðið í gjaldskrá hærra gjald en, sem nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna, að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og fyrirhugaðs stofnkostnaðs vegna framkvæmda samkvæmt langtímaáætlun.** Tilvitnun lýkur.

Valdamisnotkun OR og Reykjavíkurborgar í minn garð er ámælisverð og verður að bæta.

Virðingarfyllst,

Rúnar Lárusson

Rúnar Lárusson.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 23.01.2018

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Málnr: R1708 0085
Skjalasafn Ráðhúss
24. jan. 2018
Bréfalykill: 0505

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040
Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 14. desember 2017 ásamt verklýsingu vegna breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem felst í breyttri afmörkun vaxtamarka á Álfsnesi.

Framlögð verklýsing svæðisskipulagsbreytingar samþykkt, sbr. 1. mgr. 23. gr skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Ann Andreasen
Ann María Andreasen

Borgarráð samþykkti afgreiðslu ráðsins á fundi sínum þann 18. janúar 2018

Sent til Samtök sveitarfél höfuðborgarsv

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Frá: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Dags: 26.1.2018 11:15:24
Til:
Efni: Til umsagnar 2. mál frá nefndasviði Alþingis
---

26. janúar 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.
Fjárlaganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 2. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 12. febrúar á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: http://www.althingi.is/altext/148/s/0002.html

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.
Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni
www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
ritari nefndasviðs Alþingis

Málsnr.: R18010356
Skjalasafn Ráðhúss
26. jan. 2018
Bréfalykill: 100

Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími:545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 25. janúar 2018
Tilv.: SRN17120082/4.10.7

Með vísan til eftirlitshlutverks síns með stjórnsýslu sveitarfélaga hefur ráðuneytið ákveðið að taka til skoðunar þá samninga um samstarf sveitarfélaga sem í gildi eru hér á landi. Er þá átt við samninga um byggðasamlög, samninga um starfrækslu verkefna sem styðjast við nýtt ákvæði 96. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra samstarfssamninga. Verður meðal annars kannað hvort eldri samningar hafi verið endurskoðaðir með hliðsjón af nýjum og strangri kröfum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en samkvæmt 6. tölul. bráðabirgðaákvæðis I við lögin átti þeirri endurskoðun að vera lokið í október 2014.

Í IX. kafla sveitarstjórnlaga er fjallað um frjálsa samvinnu sveitarfélaga. Er þar sérstaklega fjallað um tvö samstarfsform, annars vegar byggðasamlög (94. gr.) og hins vegar samninga um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög (96. gr.). Lögin fólu í sér mikilvægar breytingar á reglum um form samvinnu sveitarfélaga, fyrst og fremst þegar í henni felst framsal á valdi til töku stjórnvaldsákvarðana í skilningu 1. gr. stjórnsýslulaga. Getur framsal á slíku valdi aðeins farið fram á vegum byggðasamlags eða á þann hátt að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög nema lög veiti sérstaka heimild fyrir öðru formi samstarfs, sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga. Er þar jafnframt kveðið á um að slíkir samningar öðlist ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins

Markmið verkefnisins er að afla heildstæðra upplýsinga um þá samstarfssamninga sem starfað er eftir í samstarfi sveitarfélaga um land allt og jafnframt leggja mat á hversu vel þeir samræmast kröfum sem gerðar eru til slíkra samninga í lögum. Ef niðurstaða úttektarinnar gefur tilefni til mun ráðuneytið gefa út leiðbeiningar um hvernig skuli standa að gerð samninga um samstarf sveitarfélaga og vinna verkferla um hvernig staðið skuli að staðfestingu samninga sem því eru sendir.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og 1. mgr. 113. gr. sveitarstjórnarlaga óskar ráðuneytið því eftir upplýsingum um alla samstarfssamninga sem sveitarfélagið á aðild að og sem starfað er eftir í dag, sem og afritum af umræddum samningum. Þá er óskað eftir áliti sveitarstjórnar á því hvort endurskoða þurfi ákvæði sveitarstjórnarlaga um samstarf sveitarfélaga og þá að hvaða leyti. Er þess óskað að upplýsingarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. mars nk.

Nánari upplýsingar veita Stefanía Traustadóttir, stefania.traustadottir@srn.is, og Ólafur Kr. Hjörleifsson, olafur.hjorleifsson@srn.is.

Fyrir hönd ráðherra

Hermann Sæmundsson

Ólafur Kr. Hjörleifsson

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Reykjavík, 5. janúar 2018
R17010075

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr: R17010082
Skjalasafn Ráðhúss
25. jan. 2018
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lægstbjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í desember 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Áætl. kostnaður	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Fartölvur	Advania hf., Opin kerfi hf	24.000.305, 32.499.750	72,5 m.kr.	Pöntun	Örútboð innan rammasamn.	upplýsinga-tæknideild
Spjaldtölvur með Apple IOS stýrikerfi	Skakkiturn ehf	28.258.986	41,0 m.kr.	Pöntun	Örútboð innan rammasamn.	upplýsinga-tæknideild
Chromebook	Nýherji hf	3.855.090	5,8 m.kr.	Pöntun	Örútboð innan rammasamn.	upplýsinga-tæknideild
Ljósleiðaratengingar starfsstaða	Fjarskipti ehf	13.190.400	18,3 m.kr	Pöntun	Örútboð innan rammasamn.	upplýsinga-tæknideild

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar í desember 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð	Áætl. kostnaður	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Sala byggingarréttar og kaup á fasteignum á lóðinni nr.1 við Hallgerðargötu við Kirkjusand í Reykjavík	Húsvirki ehf	676.000.000	550.000.000	Samn./ afh: 40 mán. eftir upphafsdag tímafresta	EES Útboð	Borgarráð

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. Reykjavíkurborgar í desember 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Áætl. velta á ársgrundvelli	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Mötuneytisþjónusta í mötuneytum Skóla- og frístundasviðs	Sölufélag Garðyrkjumanna ehf., Skólamatur ehf., ISS Ísland ehf., Grímur kokkur ehf.	Óþekkt	Rammasamn. / samn.lok 17.12.2019	EES Útboð	Innkauparáð

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Kt 530269-7609
Sími 411 1111
www.reykjavik.is/utbod

From: Ingibjörg Hinriksdóttir [mailto:ingibjorg.hinriksdottir@samband.is]
Sent: 1. febrúar 2018 11:15
To: Ingibjörg Hinriksdóttir
Subject: Opið fyrir umsóknir í ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Góðan dag,

Meðfylgjandi auglýsing er áframsend að beiðni forsætisráðuneytisins. Leitað er að áhugasömu ungu fólki til að taka sæti í ungmennaráði heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna (SDG – Sustainable Development Goals). Ungmennaráðið hefur það skemmtilega hlutverk að kynna sjálfbæra þróun fyrir jafnöldrum sínum og vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um hvernig ná megi sem best heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun. Ferðakostnaður vegna funda verður greiddur.

Vinsamlega komið meðfylgjandi áfram til þeirra sem málið varðar.

Kv. Helga Guðrún, samskiptastjóri

From: Ásta Bjarnadóttir [mailto:asta.bjarnadottir@for.is]
Sent: miðvikudagur, 31. janúar 2018 18:43
Subject: Opið fyrir umsóknir í ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Kæri viðtakandi

Forsætisráðuneytið leitar að 13 til 18 ára ungmennum í ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Meðfylgjandi er auglýsing með nánari upplýsingum. Opið verður fyrir umsóknir til og með 16. febrúar nk.
Vinsamlegast komið auglýsingunni áleiðis til ungmenna og annarra viðeigandi aðila ásamt því að deila henni á ykkar miðlum.

Með kærri kveðju,
Ásta

Ásta Bjarnadóttir, sérfræðingur / Specialist
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Skrifstofa stefnumála/ Department of Policy Coordination
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8400
forsaetisraduneyti.is / pmo.is - Fyrirvari/Disclaimer

VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ BÆTA HEIMINN?

Við leitum að 12 ungmennum, 13 til 18 ára, í Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Gætir þú verið eitt þeirra?

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér markmið um sjálfbæra þróun, **Heimsmarkmiðin.** Það er mikilvægt að rödd ungmenna heyrist um framkvæmd þeirra.

Ungmennaráð Heimsmarkmiðanna mun fræðast um markmiðin, kynna sjálfbæra þróun fyrir jafnöldrum sínum og funda með ríkisstjórninni um hvernig sé best að ná markmiðunum.

Þú finnur frekari upplýsingar og umsóknareyðublað á **stjornarradid.is/umsokn.** Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar 2018.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Date: 2 February 2018 at 16:28:31 GMT
To: Undisclosed recipients:;
Subject: Til umsagnar 9. mál frá nefndasviði Alþingis
2. febrúar 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.
Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærsla (borgaralaun), 9. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 2. mars á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:
http://www.althingi.is/altext/148/s/0009.html

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.
Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni
www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
ritari nefndasviðs Alþingis

Málsnr.: R18020054
Skjalasafn Ráðhúss
07. feb. 2015
Bréfalykill: 1252

Undirituð sækja um styrk fyrir hönd Melaskóla til Reykjavíkurborgar.

Heiti verkefnis: **Samtal um list, hönnun og arkitektúr**

Tilgangurinn með verkefninu er að efla meðvitund nemenda um samhengi mismunandi greina, myndlistar, hönnunar- og byggingalistar.

Í nágrannalöndum okkar er samhengi þessara greina augljósrari en tíðkast hér á landi. Líkleg skýring á því er hve saga okkar á þessu sviði nær skammt aftur í tímann, aðallega vegna áherslu okkar á bókmenntir hafi átt þátt í þeirri þróun hjá okkur að tengsl þessara greina, myndlistar, arkitektúrs, hönnunar og listasögu eru í okkar huga ekki sjálfsögð. Það er visst samtal á milli þessara greina sem glöggt má sjá t.d. í gegnum listasögu vesturlanda. Hjá okkur eru greinarnar ekki nægilega tengdar. Við höfum mikinn áhuga á því að gera tilraun með að ná þeim saman og þar með þjálfa börnin okkar í að skoða menningarheim okkar heildrænt. Hugmyndin er að fá arkitekta, listamenn og listfræðing til samstarfs við okkur en list- og verkgreinakennarar okkar eru í góðum tengslum við einstaklinga sem eru í framvarðasveit þessara greina. Möguleiki er á að komið verði á samstarfi við Listháskóla Íslands í þessu samhengi.

Vinnan fer fram í kennslustofum list-og verkgreina í Melaskólanum í formi námskeiða sem haldin verða í tveimur lotum yfir skólaárið. Þar munu gestakennarar ásamt list-og verkgreinakennurum skólans vinna með börnunum markvisst að verkefnum og samtali sem leggja línur að heildarskoðun á blöndun þessara greina. Skoðað verður hvaða áhrif greinarnar hafa hvor á aðra.

Að verkefninu loknu verður unnin skýrsla og samantekt þar sem verkefninu verða gerð skil og árangur metinn.

Áætlaður kostnaður við verkefnið er:

Kaup á efnivið og tækjum 200.000.-

Laun til gestakennara (listamanna, arkitekta og listfræðings) 900.000.-

Annað tilfallandi 100.000.-

Fyrir hönd Melaskóla,

Rannveig Gissurardóttir, textíll

Sonný Þorbjörnsdóttir, hönnun-og smíði

Magnús Valur Pálsson, myndlist

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 5. febrúar 2018

1801016SA KB
Málalykill: 14.20

Efni: Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 26. janúar 2018 var lögð fram meðfylgjandi viljayfirlýsing, dags. 11 janúar 2018, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarfélög til að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félaga sem bjóða upp á tómstundaiðkun fyrir börn og unglinga, því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að félög sýni fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi sínu. Séu slíkar reglur nú þegar til staðar hvetur stjórn sambandsins sveitarfélög til að yfirfara sínar stefnur með þetta í huga."

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, samband@samband.is, www.samband.is

Reykjavík 11. janúar 2018

Viljayfirlýsing

um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

Íslensk lög og reglur kveða á um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi á vinnustöðum skuli ekki liðið. Komi það upp skal bregðast við því með markvissum hætti.

Öryggiskennd og góður starfsandi skipta sköpum fyrir vellíðan starfsmanna. Á vinnustaðnum eigum við góð samskipti og virðum eftirfarandi sáttmála:

- Við þekkjum stefnu og viðbragðsáætlun vinnustaðarins gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi og erum meðvituð um skyldur okkar.
- Við líðum ekki einelti, áreitni eða ofbeldi, beitum því ekki og vitum að meðvirkni með geranda getur skaðað starfsmenn og vinnustað okkar.
- Við berum sameiginlega ábyrgð á vinnuumhverfinu og leggjum okkar af mörkum til að bæta það enn frekar.
- Við erum ólík, með mismunandi bakgrunn og lífsskoðanir, en sýnum hvert öðru virðingu í öllum samskiptum.
- Við skiljum að upplifun af samskiptum er mismunandi og gerum ekki lítið úr viðbrögðum og tilfinningum annarra.
- Við ræðum um framkomu sem okkur mislíkar og tökum upp varnir fyrir þá sem brotið er gegn.
- Við tökum tillit til ábendinga um að við getum bætt framkomu okkar.
- Við sýnum öðrum kurteisi og virðingu í öllum samskiptum.

Heiti fyrirtækis/stofnunar/félagasamtaka: Samband ísl. sveitarfélaga

Kennitala ef við á:

Undirskrift:

Þórður Þórðarson
form. Samb. ísl. sv.fél.

Málsnr.: R18010042
Skjalasafn Ráðhúss
07. feb. 2018
Bréfalykill: 5941

From: Sigrún Þórarinsdóttir [mailto:sigrun@samband.is]
Sent: 5. febrúar 2018 14:47
To: Sigrún Þórarinsdóttir
Subject: Skráning og dagskrá - upplýsingafundur um málefni barna 9. febrúar kl. 13 - 16:10

Samband íslenskra sveitarfélaga minnir á umræðu- og upplýsingafund föstudaginn 9. febrúar kl. 13:00 – 16:10 á Grand Hótel, um málefni barna með alvarlegar geð- og þroskaraskanir.

http://www.samband.is/um-okkur/fundir-og-radstefnur/born-med-ged-og-throskaraskanir

Við hvetjum ykkur endilega til að skrá ykkur/áframsenda póstinn til þeirra aðila sem málefnið varðar í ykkar sveitarfélagi.

Með kveðju f.h. sambandsins,
Sigrún.

Sigrún Þórarinsdóttir
félagsþjónustufulltrúi
Beint innval: 515 4930
Netfang: sigrun.thorarinsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað við þrengingu gatna, hjólreiðastíga og forgangsakreina Strætó R18020049

Óskað er eftir að tekið verði saman sundurliðaður heildarkostnaður sem Reykjavíkurborg hefur lagt í vegna a) þrengingu gatna b) hjólreiðarstíga og c) forgangsakreina Strætó innan Reykjavíkur, annars vegar á þessu kjörtímabili og hins vegar á árunum 2010-2014.

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um aðgerðaáætlun 2015-2020 um framtíð úrgangsmála R18020049

Í aðgerðaráætlun 2015-2020 um framtíð úrgangsmála í Reykjavík, kemur fram að söfnun á gler- og steinefni eigi að hefjast á grenndarstöðvum 2015-2016. Óskað er eftir upplýsingum um hvar þær grenndarstöðvar eru staðsettar sem taka á móti ofangreindu.

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um hvort kostnaðaráætlun hafi verið gerð um sameiningu fyrirtækja Reykjavíkurborgar R18020049

Óskað er eftir upplýsingum um hvort að fram hafi farið kostnaðar- og hagkvæmnisathugun á því að sameina fjármálaskrifstofur fyrirtækja Reykjavíkurborgar, eins og Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Faxaflóahafna, Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins, Strætó og Sorpu. Ef svo er þá óskast lögð fram þau gögn og skýrslur er það mál varða.

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað við aðgerðir til að manna störf á skóla- og frístundasviði R18020049

Í borgarráði 1. febrúar 2018 var lögð fram samantekt á aðgerðum sem miða að því að manna störf á skóla- og frístundasviði, dags. 29. janúar 2018. Um er að ræða ítarlegt skjal þar sem margra leiða hefur verið leitað. Óskað er eftir upplýsingum hvort að tekið hafi verið saman hver kostnaðurinn hafi verið við alla þá 14 liði sem þar eru nefndir. Hefur verið tekið saman tímafjöldi embættismanna sem að verkefninu hafa komið? Hver var heildarkostnaðurinn við lið 1.8, jólagjafir? Hver var kostnaðurinn við nr. 2.2, nýtt útlit og nálgun í auglýsingu? Var keypt utanaðkomandi þjónusta auglýsinga- eða hönnunarstofu og þá hverrar og fyrir hvaða fjárhæð? 2.3. Við hvaða birtingarráðgjafa var gert samkomulag og hver var kostnaðurinn við hann? Hver var kostnaður við lið 2.7, þjónustu Capacent? Hver var kostnaðurinn við lið 2.12 um samning um dansverkefni?

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað vegna rekstur gistiskýlis fyrir húsnæðislausa karla R18020049

Á árinu 2015 samþykkti meirihlutinn í borgarstjórn að velferðarsvið tæki yfir rekstur gistiskýlis fyrir húsnæðislausa karla sem hafði verið í höndum góðgerðarsamtaka áður í stað þess að ganga að framkomnum tilboðum Hjálpræðishersins og Samhjálpar um reksturinn. Nú er óskað eftir að tekið verði saman rekstrarkostnaður sem fallið hefur á Reykjavíkurborg frá því að hún tók við rekstrinum, bæði með og án innri leigu. Óskað er eftir sundurliðun á rekstrarkostnaði, innri leigu, launakostnaði, aðföngum/rekstri og síðan annað ef haldið er utan um kostnaðarþættina í bókhaldskerfinu með þeim hætti.

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar 2015-2017 R18020049

Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar, eftir því í hvaða miðlum er og hefur verið auglýst vegna ársins 2015, 2016 og 2017. Þá er óskað eftir sundurliðuðum kostnaði við birtingarhús eða birtingarráðgjafa og hversu mikið sé greitt í "kostaðar" auglýsingar á samfélagsmiðlum. Einnig óskast upplýst hvort að borgin hafi á þessu tímabili gert sérstaka auglýsinga eða kostunar samninga við fjölmiðla.

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, varðandi kostnað við hönnun og uppbyggingu í Úlfarsárdal R18020049

Óskað er eftir að tekið verið saman og lagt fram stöðuskjal og kostnaðarskjal varðandi hönnun mannvirkja og uppbyggingu á samþættum leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf, menningarstöð, bókasafn, sundlaug og íþróttaaðstöðu Fram í Úlfarsárdal. Skal sérstaklega sett fram hver staðan er miðað við upphaflegar áætlanir og borgarfulltrúar upplýstir um hvort að breytingar séu fyrirsjáanlegar á ákveðnum verk- eða kostnaðarþáttum.

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um hvaða lögmannstofur Reykjavíkurborg átti viðskipti við 2015-2017 og upphæð greiðslna til þeirra R18020049

Óskað er eftir upplýsingum um hvaða lögmannsskrifstofur Reykjavíkurborg hefur átt viðskipti við síðastliðin þrjú ár, 2015, 2016 og 2017 og sundurliðun óskast á fjárhæðum sem greiddar hafa verið til þeirra.